



Drykkjarvatn í landi Keldudals,
Dyrhólahreppi, V-Skaftafellssýslu

Steinunn Hauksdóttir

Greinargerð StH-98-01



Drykkjarvatn í landi Keldudals, Dyrhólahreppi, V-Skaftafellssýslu.

Jarðefnafræðideild Orkustofnunar bærust tvö sýni til efnagreiningar sem tekin voru af Elsu G. Vilmundardóttur þann 29. júní 1998 í landi Keldudals í Dyrhólahreppi, V-Skaftafellssýslu. Tilgangur sýnatökunnar var að kanna gæði vatns sem drykkjarvatns fyrir sumarbústaðabyggð í dalnum. Annað sýnið var tekið úr mýrardragi en hitt úr lind í Bæjargili milli Keldudals og Álftagrófar.

Tafla 1. Efnagreiningar sýna úr Keldudal (mg/l).

Staður Númer	Mýrardrag 1998-0377	Lind 1998-0378
Hiti (°C)	10,8	4,8
Sýrustig (pH/°C)	7,22/25,9	8,06/22,8
Karbonsat (CO ₂)	15,2	16,0
Kísill (SiO ₂)	22,5	24,0
Klóríð (Cl)	9,75	8,56
Nítrat (NO ₃)	<0,02	0,10

Tafla 1. sýnir niðurstöður efnagreininga, en til greininga voru valin efni sem gefa klárast vísbendingar um mengun. Styrkur þeirra efna sem mæld voru gefur ekki til kynna að um neina mengun sé að ræða og er hann vel innan við þau viðmiðunarmörk sem gefin eru út fyrir drykkjarvatn (Umhverfissráðuneytið 1995). Sýni úr mýrardragi hefur lægra sýrustig en það sem vænta má af lindarvatni og bendir það til blöndunar yfirborðsvatns. Sýrustigið er þó ekki það lágt að talin sé hætta á tæringu, sem iðulega fylgir lækun sýrustigs.

Vatnið telst því vel hæft til drykkjar en vegna meiri tæringarhættu telst vatnið úr mýrardragi síðri kostur til nota í vatnsveitu.

Heimild:

Umhverfissráðuneytið, Hollustuvernd Ríkisins 1995: Reglugerð um neysluvatn. Stjtið. B, nr. 319/1995

MÁ EKKI FJARLÆGJA